

Starfsáætlun desember 2018 – janúar 2019

Kæru foreldrar.

Í lok nóvember víkjum við frá hefðbundinni stundaskrá og megináhersla þessa tímabils verður að skapa aðstæður fyrir góða og notalega samveru. Við styrkjum samkennd með fjölda sameiginlegra viðburða. Tölum saman um jólin, vináttu, umhyggju, lesum jólasögur og lærum jólasöngva.

Jólaleikrit verður fimmtudaginn 6. desember kl. 9.30 á sal skólans.

Piparkökubakstur og piparkökukaffi

Börnin baka piparkökur miðvikudaginn 5. desember og síðdegis sama dag bjóða þau foreldrum í piparkökukaffi klukkan 15:00-16:00. Bílastæði eru af skornum skammti og höfum við samið við Fossvogskirkjugarð um að fá að leggja á stóra bílastæðinu þeirra.

Ljósiferð í Öskjuhlíð

Í annarri viku desember förum við í vasaljósiferð í Öskjuhlíðina eða í Lundinn við Skógarhús, fer eftir aldri. Við biðjum foreldra að senda barnið með vasaljós til að hafa með í vasaljósiferðina. Þar fáum við okkur piparkökur, syngjum og leikum með vasaljósín.

Jólaball 18. desember

Jólaballið verður haldið fyrir hádegi, kl: 10:00, mánudaginn 18. desember. Það er eingöngu fyrir börn og starfsfólk. Sökum plássleysis getum við því miður ekki boðið foreldrum að koma og vera með. Ef þið viljið að börnin panti sig fyrir jólaballið er best að þau komi með fötin með sér í leikskólann og starfsfólk sér um að klæða þau.

Sameiginlegt borðhald í salnum 4. janúar

Við höfum haft þá hefð í Sólborg að hafa sameiginlegt borðhald í salnum, borða hátíðarmat og kveðja þannig jólin. Þetta er skemmtileg tilbreyting frá öðru borðhaldi. Þennan sama dag kveðjum við einnig jólasveininn sem hangið hefur á hvíta skápum. Hann fer uppá loft og bíður þar til næstu jóla.

Foreldrafélagið

Einn viðburður er á dagskrá foreldrafélagsins í tengslum við jólin. Sunnudaginn **2. desember er föndurgleði** í Sólborg frá klukkan 11:00-13:00.

Ég óska þess að friður og gleði muni fylgja ykkur inn í hátíðina og þakka samstarfið á árinu.

Jólakveðjur

Guðrún Jóna Thorarensen, leikskólastjóri.